



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (upsögn starfs). 364. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með frumvarpinu er lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breytingarnar miða að því að fella niður þá skyldu forstöðumanns að áminna starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum eða þegar starfsmaður hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem leiðir af starfi hans.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var frumvarp sama efnis lagt fram á 130., 139. og 140.löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Meðfylgjandi umsögn Samtaka atvinnulífsins er samhljóða fyrri umsögnum um sama mál.

Samtök atvinnulífsins styðja þá stefnumörkun að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði og auka sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins. Samtökin telja eðlilegt að sérreglur fyrir opinbera starfsmenn verði felldar niður og vinnumarkaðurinn gerður einsleitari. Með vísan til þessa og fyrri umsagna mæla Samtök atvinnulífsins því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Kristín Þóra Harðardóttir hdl.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Netfang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is

